

Héraðsdómur Reykjavíkur

Dómur 21. apríl 2026.

Mál nr. S-5029/2025:

Lögrelustjórinn á höfuðborgarsvæðinu

(Elin Hrafnsdóttir aðstoðarsaksóknari)

gegn

Maciej Zbigniew Jablonski

(Stefán Karl Kristjánsson lögmaður)

Dómur

1. Mál þetta, sem dómtekið var 24. mars 2026, var höfðað með ákæru, útgefinni af lögrelustjóranum á höfuðborgarsvæðinu 10. september 2025, á hendur Maciej Zbigniew Jablonski, kt. [...], [...], „fyrir umferðarlagabrot, með því að hafa föstudaginn 7. mars 2025 ekið bifreiðinni [...] sviptur ökurétti um Súða[r]vog í Reykjavík, við Kleppsmýrarveg.

Telst brot þetta varða við 1. mgr. 58. gr., sbr. 1. mgr. 95. gr., umferðarlaga nr. 77/2019.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

2. Ákærði gerir þær kröfur að honum verði ekki gerð frekari refsing en 120.000 króna sekt. Þá krefst verjandi ákærða hæfilegra málsvarnarlauna að mati dómsins sem greiðist úr ríkissjóði.

I

Málsatvik

3. Ákærði hefur neitað sök samkvæmt ákæru og ítrekað að ekki sé í lögum heimild til veldisvaxtar refsinga í tilvikum eins og þessum, eins og venja hafi skapast um. Ákærði hefur hins vegar viðurkennt að hafa, föstudaginn 7. mars 2025, ekið bifreiðinni [...] sviptur ökurétti um Súðarvog í Reykjavík, við Kleppsmýrarveg, líkt og í ákæru greinir. Þar sem ekki er ágreiningur um atvik málsins er óþarfi að rekja þau nánar hér.

II

Framburður ákærða fyrir dómi

4. Ákærði gaf skýrslu fyrir dómi og kvað verknaðarlýsingu ákæru vera rétta, þ.e. að hann hefði ekið bifreiðinni [...] sviptur ökurétti um Súðarvog í Reykjavík, við Kleppsmýrarveg, þann dag sem nefndur er í ákærunni. Ákærði kvaðst vinna í sjálfboðavinnu sem [...] hjá A en hann hefði upplifað [...] á árinu 2025. Hann hefði áður unnið við [...]. Ákærði kvaðst vera fjölskyldumaður og eiga [...] börn og [...] stjúp börn.

III

Niðurstaða varðandi sekt ákærða og heimfærslu til refsíákvæða

5. Sannað er með framburði ákærða sjálfs, sem er í samræmi við önnur gögn málsins, að ákærði er sekur um það brot sem honum er gefið að sök í málinu og verður hann sakfelldur fyrir það. Brot ákærða þykir sömuleiðis rétt heimfært til refsíákvæða í ákæru.

IV

Ákvörðun refsingar o.fl.

6. Ákærði er fæddur í [...]. Samkvæmt framlögðu sakavottorði, dagsettu 8. september 2025, á ákærði nokkurn sakaferil að baki. Með dómi Héraðsdóms Norðurlands eystra [...] 2011 var ákærða gert að sæta fangelsi í tvo mánuði skilorðsbundið til þriggja ára, meðal annars vegna aksturs sviptur ökuréttindum. Með dómi Héraðsdóms Norðurlands eystra [...] 2012 var ákærða gert að sæta fangelsi í þrjá mánuði, meðal annars vegna aksturs sviptur ökuréttindum. Með dómi Héraðsdóms Norðurlands eystra [...] 2012 var ákærða gert að sæta fangelsi í 30 daga vegna aksturs sviptur ökuréttindum. Með dómi Héraðsdóms Norðurlands eystra [...] 2013 var ákærða gert að sæta fangelsi í 60 daga vegna aksturs sviptur ökuréttindum. Með dómi Héraðsdóms Norðurlands eystra [...] 2014 var ákærða gert að sæta fangelsi í þrjá mánuði vegna aksturs sviptur ökuréttindum. Með dómi Héraðsdóms Norðurlands eystra [...] 2014 var ákærða gert að sæta fangelsi í sex mánuði, meðal annars vegna aksturs sviptur ökuréttindum. Með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur [...] 2016 var ákærða gert að sæta fangelsi í fimm mánuði vegna aksturs sviptur ökuréttindum. Með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur [...] 2019 var ákærða gert að sæta fangelsi í 16 mánuði, meðal annars vegna aksturs sviptur ökuréttindum. Með dómi Héraðsdóms

Suðurlands [...] 2021 var ákærða gert að sæta fangelsi í sjö mánuði vegna aksturs sviptur ökuréttindum. Með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur [...] 2023 var ákærða gert að sæta fangelsi í átta mánuði vegna aksturs sviptur ökuréttindum. Með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur [...] 2024 var ákærða gert að sæta fangelsi í níu mánuði vegna aksturs sviptur ökuréttindum. Nú síðast var ákærða með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur [...] 2025 gert að sæta fangelsi í 10 mánuði vegna aksturs sviptur ökuréttindum.

1

7. Ákærði byggir vörn sína sem fyrr segir á því að ekki sé í lögum heimild til veldisvaxtar refsinga í tilvikum eins og þessum, eins og venja hafi skapast um, en sú dómvenja hefur skapast að litið hefur verið til sakaferils sakbornings við ákvörðun refsingar vegna aksturs sviptur ökurétti. Hefur refsing farið stigvaxandi við hvert brot af sama tagi, að því gefnu að skilyrði 71. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 um ítrekunaráhrif þyki vera uppfyllt.
8. Ákærði byggir vörn sína nánar tiltekið á því að um sé að ræða brot á svonefndri lögmatísreglu, þar sem dómstólar gangi með refsíákvörðunum sínum inn á verksvið löggjafans, auk þess sem skýrleikakrafa sé ekki uppfyllt þar sem almennur borgari geti ekki lesið það úr lögum að akstur sviptur ökurétti í 13. sinn varði 11 mánaða fangelsi. Vísar ákærði sömuleiðis til 1. mgr. 69. gr. stjórnarskrár Lýðveldisins Íslands nr. 33/1944 og 7. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994.
9. Ákærði vísar enn fremur til þess að ákvæði 95. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 setji tiltekinn refsiramma, en þar sé ekki sett fram nein forskrift eða tafla varðandi það að refsing verði þyngri við hverja ítrekun. Í 99. gr. sömu laga sé aftur á móti mælt fyrir um það að þegar brot sé ítrekað öðru sinni skuli maður sviptur ökurétti ævilangt, sbr. 1. og 3. mgr. þeirrar greinar. Umrædd dómvenja, um stigvaxandi refsingu við endurtekin brot, skapi nýjan og íþyngjandi refsigrundvöll, sem löggjafinn hafi horft framhjá með því að mæla ekki fyrir um það með skýrum hætti í lögum að fyrri brot viðkomandi skuli hafa ítrekunaráhrif við ákvörðun refsingar fyrir umferðarlagabrot, líkt og hann hafi ákveðið varðandi sviptingu ökuréttar, sbr. 1., sbr. 3. mgr., 99. gr. umferðarlaga nr. 77/2019.

10. Með því broti sem ákærði hefur gengist við að hafa framið, að aka bifreiðinni [...] sviptur ökurétti um Súðarvog í Reykjavík, við Kleppsmýrarveg 7. mars 2025, hefur ákærði brotið gegn 1. mgr. 58. gr. umferðarlaga nr. 77/2019. Slík brot varða sektum eða fangelsi allt að tveimur árum, sbr. 1. mgr. 95. gr. sömu laga. Er það samkvæmt lagaákvæðinu að öðru leyti lagt í mat dómara að meta hæfilega refsingu hverju sinni, innan þess refsiramma sem afmarkaður er í ákvæðinu.
11. Sú háttsemi að aka bifreið sviptur ökurétti er ekki aðeins refsiverð samkvæmt ákvæðum núgildandi umferðarlaga, heldur var hún það einnig samkvæmt eldri umferðarlögum nr. 50/1987, sbr. 1. mgr. 48. gr. þeirra laga. Brot gegn því ákvæði vörðuðu sömuleiðis sektum eða fangelsi allt að tveimur árum, sbr. 1. mgr. 100. gr. laganna. Sú háttsemi að aka bifreið sviptur ökurétti var samkvæmt því refsiverð í gildistíð eldri laga, líkt og í dag, og refsiramma vegna slíkra brota er jafn rúmur hvort heldur sem miðað er við núgildandi lög eða eldri lög um sama efni.
12. Ákærði hefur sem fyrr segir margsinnis áður gerst sekur um samskonar brot, sem ýmist vörðuðu við 1. mgr. 58. gr., sbr. 1. mgr. 95. gr., gildandi umferðarlaga eða sambærileg ákvæði eldri umferðarlaga nr. 50/1987, sbr. 1. mgr. 48. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr., þeirra laga. Sú dómvenja hefur myndast við ákvörðun refsingar fyrir að aka sviptur ökurétti, sbr. 1. mgr. 58. gr. umferðarlaga, að refsing fyrir fyrstu brot liggi nálægt lægstu mörkum refsiramma 1. mgr. 95. gr. laganna, en fari stighækkandi með hverju broti sem ítrekunaráhrif hefur við ákvörðun refsingar, sbr. 71. gr. almennra hegningarlaga. Refsing er þó í öllum tilvikum innan þess refsiramma sem ákveðinn er í 1. mgr. 95. gr. umferðarlaga. Var þessu eins farið í tíð eldri umferðarlaga nr. 50/1987, sbr. 1. mgr. 48. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr., þeirra laga.
13. Hefur þetta verið talið heimilt jafnvel þótt ekki sé að finna sérstaka ítrekunarheimild í umferðarlögum vegna ákvörðunar um refsingu fyrir akstur sviptur ökurétti, hvort heldur sem er samkvæmt núgildandi eða eldri umferðarlögum. Með öðrum orðum hafa dómstólar talið sig hafa svigrúm til að taka tillit til fyrri brota viðkomandi við ákvörðun refsingar vegna endurtekinna brota, sbr. einnig 5. tölulið 1. mgr. 70. gr. almennra hegningarlaga. Má í þessu sambandi meðal annars vitna til dóma Landsréttar frá 2. október 2025 í máli nr. 807/2024, 21. júní 2024 í máli nr. 316/2023, 14. júní 2024 í máli nr. 497/2023, 15. mars 2024 í málum nr. 582/2023 og 118/2023,

15. desember 2023 í máli nr. 809/2022 og 31. mars 2023 í máli nr. 331/2022. Í öllum þessum málum höfðu dómfelldu ítrekað ekið bifreið sviptir ökurétti og refsing ákveðin með hliðsjón af því jafnvel þótt ekki sé að finna sérstaka ítrekunarheimild í lögum vegna aksturs án ökuréttar.

14. Í þessu samhengi má enn fremur vísa til dóms Hæstaréttar Íslands frá 9. desember 2021 í máli nr. 30/2021, en jafnvel þó að í þeim dómi hafi verið til umfjöllunar akstur undir áhrifum ávana- og fikniefna, en ekki akstur sviptur ökurétti, verður að telja að sömu sjónarmið og rakin voru í þeim dómi eigi við um akstur sviptur ökurétti, að breyttu breytanda (l. mutatis mutandis), sbr. einnig til hliðsjónar dóm Landsréttar frá 21. júní 2024 í máli nr. 316/2023, sem nefndur var hér að framan.
15. Verður sú ályktun dregin af nefndum dómi Hæstaréttar í máli nr. 30/2021 (málsgreinum 17, 18, 20 og 31), að jafnvel þótt umferðarlög mæli ekki fyrir um lögbundin írekunaráhrif, að því er varðar refsingu [vegna aksturs sviptur ökurétti], byggir áðurnefnd dómvenja um að litið sé til brotaferils manns við ákvörðun refsingar á hliðstæðum sjónarmiðum og ítrekunaráhrif þar sem þeirra er getið í lögum, sbr. einnig fyrrnefnda dóma Landsréttar frá 15. desember 2023 í máli nr. 809/2022 og 31. mars 2023 í máli nr. 331/2022. Þykir þessi dómvenja vera til þess fallin að auka varnaðaráhrif refsinga vegna þeirra brota sem um ræðir.

3

16. Ákærði hefur máli sínu til stuðnings vísað til 1. mgr. 7. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994. Samkvæmt því ákvæði skal engan mann telja sekan um afbrot hafi verknaður sá eða aðgerðaleysi, sem hann er borinn, eigi varðað refsingu að landslögum eða þjóðarétti þá framin voru. Eigi má heldur dæma mann til þyngri refsingar en lög leyfðu þegar afbrotið var framið. Samkvæmt 1. mgr. 69. gr. stjórnarskrárinnar, sem ákærði vísar einnig til, verður engum manni gert að sæta refsingu nema hann hafi gerst sekur um háttsemi sem var refsiverð samkvæmt lögum á þeim tíma þegar hún átti sér stað eða má fullkomlega jafna til slíkrar háttsemi. Viðurlög mega sömuleiðis ekki verða þyngri en heimiluð voru í lögum þá er háttsemin átti sér stað.
17. Ákærði hefur ekki útlistað nánar hvernig sú dómvenja sem að framan er lýst, um stigvaxandi refsingu við endurtekin brot, geti falið í sér brot gegn framangreindum ákvæðum mannréttindasáttmála Evrópu og stjórnarskrárinnar. Í framangreindum

5

dómi Hæstaréttar Íslands í máli nr. 30/2021 var það hins vegar rakið (málgrein 32) að samkvæmt dómaframkvæmd Mannréttindadómstóls Evrópu vegna 7. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994, væri meðal annars gerð rík krafa til skýrleika refsheimilda samkvæmt orðum refsilaga eða dómaframkvæmd, þannig að fyrrsjáanlegt væri að tiltekna athafnir manns gætu leitt til refsíabýrgðar hans. Hins vegar hefði dómstóllinn tekið fram, í málum þar sem reynt hefði á álitæfni um ítrekunaráhrif refsídóma, að það væri fyrst og fremst á færi aðildarríkja en ekki dómstólsins að móta stefnu og setja lagafyrirmæli um hvaða áhrif brotaferill manns skyldi hafa á ákvörðun um refsiviðurlög. Var í dómi Hæstaréttar jafnframt vísað til dóms yfirdeildar mannréttindadómstólsins frá 29. mars 2006 í máli nr. 67335/01, Achour gegn Frakklandi (44. og 51. liða), með þeirri niðurstöðu að 1. mgr. 7. gr. mannréttindasáttmálans standi því ekki í vegi að löggjafinn geti ljáð ítrekun brota aukið vægi eftir að brot er framið, sbr. einnig dóm Hæstaréttar Íslands frá 28. apríl 2008 í máli nr. 179/2008. Dró Hæstiréttur sömuleiðis þá ályktun (málgrein 33), að sú regla yrði ekki leidd af framkvæmd Mannréttindadómstóls Evrópu um skýringu á 7. gr. mannréttindasáttmálans að óheimilt væri að líta til ítrekunaráhrifa fyrri brota við ákvörðun refsingar, jafnvel þótt refsineymi slíkra brota hefði síðar verið felld niður.

4

18. Að öllu framangreindu virtu er ekki hægt að fallast á það með ákærða að sú dómvenja sem að framan er lýst, um stigvaxandi hækkun refsingar vegna endurtekinna brota af sömu tegund, brjóti í bága við lögmætisreglu stjórnarskrárinnar, 1. mgr. 69. gr. hennar eða 1. mgr. 7. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994. Þá er hvorki hægt að fallast á að dómvenjan brjóti í bága við 1. mgr. 1. gr. almennra hegningarlaga né að hún skapi nýjan og íþyngjandi refsigrundvöll, sem löggjafinn hafi horft framhjá með því að mæla ekki fyrir um það, með skýrum hætti í lögum, að fyrri brot viðkomandi skuli hafa ítrekunaráhrif við ákvörðun refsingar fyrir umferðarlaga-brot, líkt og gert sé varðandi sviptingu ökuréttar, sbr. 1., sbr. 3. mgr., 99. gr. umferðarlaga nr. 77/2019.

5

19. Undir meðferð málsins játaði ákærði brot sín skýlaust. Horfir það honum til málsbóta, sbr. 8. tölulið 1. mgr. 70. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

6

20. Ákærða verður með hliðsjón af öllu framangreindu ákveðin refsing í samræmi við þá dómvenju sem rakin er hér að framan, um stigvaxandi refsingu vegna endurtekinnna brota. Við ákvörðun refsingar í máli þessu verður jafnframt lagt til grundvallar að ákærði hafi nú í 13. sinn eftir að hann varð fullra 18 ára og innan ítrekunartíma í skilningi 71. gr. almennra hegningarlaga gerst sekur um akstur sviptur ökuréttindum, enda er það í raun ekki umdeilt í málinu. Þykir refsing ákærða, með vísan til alls þessa, hæfilega ákveðin 11 mánaða fangelsi.
21. Að virtum sakaferli ákærða þykir ekki efni til að skilorðsbinda refsingu hans.
22. Ákærði greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Stefán Karls Kristjánssonar lögmanns, 353.400 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti, sbr. 1. mgr. 235. gr., sbr. 1. mgr. 233. gr., laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála. Engan sakarkostnað leiddi af meðferð málsins.
23. Af hálfu ákærvaldsins flutti málið Elín Hrafnisdóttir aðstoðarsaksóknari.
24. Jóhannes Rúnar Jóhannsson héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

Dómsorð:

Ákærði, Maciej Zbigniew Jablonski, sæti fangelsi í 11 mánuði.

Ákærði greiði málsvarnarþóknun skipaðs verjanda síns, Stefán Karls Kristjánssonar lögmanns, 353.400 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti.

Jóhannes Rúnar Jóhannsson